

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Skólavist barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2020-2021

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 ber sveitarfélögum að sjá til þess að skólaskyld börn, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar. Skólaskyldan er að jafnaði tíu ár en getur verið skemmri. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-15 ára, er skylt að sækja grunnskóla.

Í janúar 2021 voru samkvæmt Þjóðskrá Íslands 15.567 börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík. Þar af stunda 14.036 nemendur nám í almennum grunnskólum Reykjavíkurborgar, 96 í sérskólunum tveimur Klettaskóla og Brúarskóla og í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík stunda 702 reykvískir nemendur nám. Samtals eru þetta 14.834 nemendur af fyrnefndum 15.567.

Nám í almennum skólum í öðrum sveitarfélögum á Íslandi stunda 268 reykvísk börn og í sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur stunda samtals 95 reykvísk börn nám, þar af 7 í sjálfstætt reknum sérskóla. Þá eru 19 börn sem annað hvort ættu að öllu jöfnu að vera 10. bekkingar í dag en eru þegar útskrifuð eftir 9 ára nám eða ættu að vera byrjuð í grunnskóla en eru í leikskóla.

Samtals 279 börn með lögheimili í Reykjavík eru staðsett erlendis og því ekki skráð í grunnskóla á Íslandi. Þetta eru börn sem dvelja tímabundið erlendis með foreldrum sínum, m.a. börn starfsmanna í sendiráðum. Eftir standa 72 börn sem ekki er vitað hvar eru með skólavist, hér eftir ótilgreinda skólavist, sjá nánari upplýsingar aftar í minnisblaðinu.

Hér að neðan er yfirlit yfir skólavist barna með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2020 – 2021.

Skólavist	Fjöldi nemenda	Hlutfall
Almennir skólar Reykjavíkurborgar	14036	90,2%
Sérskólar Reykjavíkurborgar	96	0,6%
Sjálfstætt starfandi skólar	702	4,5%
Samtals í skólum í Reykjavík	14834	95,3%
Almennir skólar utan Reykjavíkur	268	1,7%
Sjálfstætt starfandi skólar utan Reykjavíkur	88	0,6%
Sjálfstætt starfandi sérskólar utan Reykjavíkur	7	0,0%
Útskrifaðir eftir 9 ára nám eða í leikskóla	19	0,1%
Nemendur erlendis/sendiráð	279	1,8%
Ótilgreind skólavist	72	0,5%
Samtals með lögheimili í Reykjavík	15567	100,0%

Í meðfylgjandi fylgiskjali er skipting nemenda eftir árgöngum niður á skóla í Reykjavík þann 1. október 2020. Þá stunduðu samtals 15.483 nemendur nám í grunnskólum í Reykjavík. Hér er um að ræða alla nemendur í skólum Reykjavíkur, annarsvegar fyrrnefnda 14.834 nemendur sem eiga lögheimili í Reykjavík og hinsvegar þá 649¹ nemendur sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík heldur eru búsett í öðrum sveitarfélögum, eru kennitölulaus og einstaka barn með lögheimili erlendis.

Í töflunni hér að neðan sést fjöldi barna með lögheimili í Reykjavík skólaárin 2016/17-2020/21.

Skólaár	Fjöldi barna með lögheimili í	
	Rvk	Fjöldi nemenda í grunnskólum í Rvk
2016/17	14673	14836
2017/18	14833	14947
2018/19	15175	15097
2019/20	15385	15253
2020/21	15567	15483

Ef í ljós kemur að í skráningarkerfum sem skóla- og frístundasvið hefur aðgang að eru ekki upplýsingar um skólavist barns er leitað leiða til að afla upplýsinga um hvar skólaskyldu er sinnt. Leitað er meðal annars upplýsinga hjá leik- og grunnskólum, reynt að hafa samband við foreldra í gegnum síma og bréf send á lögheimili foreldra. Þá getur komið til þess að mál sé tilkynnt Barnavernd Reykjavíkur.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. febrúar 2020 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra, dags. 7. febrúar 2020, um börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2019-2020. Þá voru 179 börn með ótilgreinda skólavist. Til samræmis við samþykkt skóla- og frístundaráðs vakti skóla- og frístundasvið athygli mennta- og menningarmálaráðuneytis og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar á því að nokkur fjöldi barna með lögheimili í Reykjavík væri með ótilgreinda skólavist og lagði til að komið yrði á fót samræmdu verklagi til að tryggja að engin börn fari á mis við skólagöngu á Íslandi.

Mennta- og menningarmálaráðherra setti af stað starfshóp um skráningarkerfi grunnskólabarna um mitt ár 2020. Hlutverk starfshópsins er að skilgreina þarfir og óskir sem miðlægt skráningarkerfi um grunnskólanemendur þarf að uppfylla, skoða hversu umfangsmikið slíkt kerfi skuli vera, t.a.m. hvort skrá skuli skólasókn, staðfestingu frá skólum erlendis sem börn með íslenskt lögheimili sækja eða fjölda sérkennslustunda. Leggja skal mat á hvernig skráningarkerfið komi til móts við þarfir sveitarfélaga og skólastjórnenda við rekstur grunnskóla. Reykjavíkurborg á fulltrúa í starfshópnum og er hópurinn enn að störfum.

¹ Talan 649 fæst með því að draga samtölu barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík og sem stunda nám í grunnskólum í borginni frá samtölu allra nemenda sem eru í grunnskólum í Reykjavík. Eins og minnisblaðið gefur til kynna eru tölur yfir grunnskólabörn með lögheimili í Reykjavík frá því í janúar 2021 en tölur yfir nemendafjölda í grunnskólum í Reykjavík frá 1. október 2020. Það kann því að vera að heildarnemendafjöldinn í Reykjavík hafi breyst lítillega á þeim 3 mánuðum sem þarna skeikar og mismunurinn á samtölunum tveimur sé í janúar 2021 ekki nákvæmlega 664.

Grunnskólar Reykjavíkur
Nemendafjöldi skólaárið 2020-2021

1. október 2020

Skóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Alls 2020	Alls 2019	Alls 2018
Austurbæjarskóli	27	36	33	33	38	43	50	68	48	43	419	400	416
Alftamýrarskóli	36	38	37	39	43	45	36	37	44	30	385	381	353
Arbæjarskóli	53	64	36	59	51	50	57	112	102	105	689	658	628
Artúnsskóli	23	19	30	28	26	34	16				176	191	185
Borgaskóli	32	42	40	40	52	33	47				286	234	216
Breiðagerðisskóli	50	57	64	62	54	52	50				389	404	396
Breiðholtsskóli	28	43	45	45	42	43	45	50	43	37	421	425	401
Dalskóli	34	34	48	36	43	41	33	22	30	27	348	305	284
Engjaskóli	30	33	38	34	33	55	27				250	239	248
Fellaskóli	27	30	22	38	36	33	34	38	34	32	324	323	325
Foldaskóli	27	29	37	33	36	45	42	81	74	86	490	496	508
Fossvogsskóli	52	45	43	51	50	55	57				353	328	358
Grandaskóli	49	50	51	57	66	41	35				349	357	345
Hagaskóli								210	185	206	601	567	575
Hamraskóli	38	31	27	28	18	15	29				186	174	168
Háteigsskóli	39	36	43	45	45	66	41	42	54	46	457	451	451
Hlíðaskóli	53	66	52	44	64	63	50	48	51	53	544	509	485
Hólabrekkuskóli	55	61	57	57	50	46	54	35	41	54	510	508	521
Húsaskóli	18	18	21	18	17	30	26				148	154	165
Hvassaleitisskóli	25	22	13	28	27	35	29				179	159	169
Ingunnarskóli	31	31	35	30	40	47	48	38	35	43	378	387	391
Klébergsskóli	8	14	13	8	13	12	7	11	9	18	113	124	125
Langholtsskóli	58	59	63	67	76	86	84	83	64	59	699	681	682
Laugalækjarskóli							90	98	79	84	351	344	327
Laugarnesskóli	105	107	95	72	99	105					583	558	549
Melaskóli	88	67	65	79	99	84	97				579	570	594
Norðlingaskóli	56	55	53	63	71	68	65	56	59	52	598	610	607
Réttarholtsskóli								139	131	129	399	401	390
Rimaskóli	55	49	62	58	47	65	42	51	46	47	522	524	511
Seláskóli	27	32	33	22	39	32	31				216	213	206
Seljaskóli	46	74	59	63	73	70	72	57	69	60	643	666	644
Sæmundarskóli	36	41	53	36	58	44	46	54	47	59	474	484	489
Vesturbæjarskóli	45	42	49	41	54	46	58				335	349	352
Víkurskóli								68	94	68	230	335	359
Vogaskóli	40	31	30	32	36	32	36	35	39	25	336	332	309
Ólduselsskóli	50	46	51	48	52	57	67	50	43	51	515	509	483
Samtals almennir	1341	1402	1398	1394	1548	1573	1501	1483	1421	1414	14475	14350	14215
Barnaskóli Hjallastefnu, Reykjavík	24	27	27	27	20	18	2				145	121	97
Landakotsskóli	34	32	22	30	32	31	27	27	30	28	293	247	243
Skóli Ísaks Jónssonar	57	55	56	37							205	199	196
Suðurlíðarskóli		1	4	3	13	3	8	2	1	8	43	39	44
Tjarnarskóli							13	15	1	19	48	50	52
Waldorfskólinn Sólstafr	11	10	15	12	9	14	8	11	9	13	112	97	91
Samtals sjálfstætt starfandi	126	125	124	109	74	66	58	55	41	68	846	753	723
Samtals alm. Og sjálfst.starf.	1467	1527	1522	1503	1622	1639	1559	1538	1462	1482	15321	15103	14938
Brúarskóli				3	5	5	8	4	5	4	34	33	32
Klettaskóli	11	10	14	18	9	15	9	14	12	16	128	117	127
Samtals sérskólar	11	10	14	21	14	20	17	18	17	20	162	150	159
Samtals alm. og sérskólar	1352	1412	1412	1415	1562	1593	1518	1501	1438	1434	14637	14500	14374
Samtals allir skólar	1478	1537	1536	1524	1636	1659	1576	1556	1479	1502	15483	15253	15097